

Norðurá bs.  
Skagfirðingabraut 17  
550 Sauðárkrókur

Egilsstaðir, 25. nóvember 2022  
UST202202-317/F.Æ.  
08.14.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 6.10.2022 – Norðurá bs.**

Þann 6. október sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Norðurár bs., Stekkjarvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Eldra frávik:**

Rekstraraðili hefur unnið eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik sem varðar hreinsun sigvatns og kom fram í eftirliti ársins 2019. Samþykkt úrbótaáætlun dags. 6. janúar 2021 gerði ráð fyrir að úrbótum yrði lokið fyrir 30. júní 2021.

**Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:**

1. Notkun á meðhöndluðu timbri sem yfirlags samræmist ekki þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi.
2. Eftir fremsta megni skal leitast við að meðhöndla og nýta það hauggas sem safnað er.
3. Rekstraraðili er hvattur til að koma körum sem í er safnað raftækjum, spilliefnum og öðru sem berst í urðunarhólf en er ekki urðað, sem fyrst fyrir á hentugri stað.

**Tvö frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 5.5 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí sl. Útstreymisbókhaldi hefur nú verið skilað og er frávikinu því lokað.
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Skráningum á umhverfis- og rekstrarþáttum sem tilgreindir eru í gr. 5.1, hefur ekki verið skilað að öllu leyti

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki nr. 2 og uppfærðri úrbótaáætlun vegna eldra frávíks í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlanirnar berist stofnuninni eigi síðar en 19. desember 2022.**

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson  
*Sérfræðingur*

Sigríður Magnúsdóttir  
*Sérfræðingur*